

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. Júlí 2023

EFNI: Viðbrögð Framkvæmdaaðila við viðbótarumsögn Umhverfisstofnunar (UST202305-228/A.B)

Vísað er til tölvupósts Skipulagsstofnunar dags. 25.07.2023 þar sem stofnunin gefur framkvæmdaaðila kost á að bregðast við viðbótarumsögn Umhverfisstofnunar. Hér fylgja viðbrögð framkvæmdaaðila, Rauðukamba ehf.

Umhverfisáhrif. Framkvæmdaaðili undirstrikar að sú framkvæmd sem hér er til skoðunar er baðstaður og hótél í Reykholti í Þjórsárdal og tekur undir með Umhverfisstofnun að sú framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Engin ný óvissa eða matsþættir hafa gert vart við sig og því ólíklegt að umhverfismat bæti við áður óþekktum niðurstöðum.

Vatnamál. Framkvæmdaaðili mun leitast við að nota bestu þekktar aðferðir til að umgangast vatnsauðlindina á ábyrgan hátt og tryggja sjálfbærni vatnsbúskaps til framtíðar. Það á við um heitt og kalt vatn, uppdælingu, niðurdælingu sem og fráveitu með hreinsivirki. Framkvæmdaaðili hefur sótt um nýtingarleyfi til Orkustofnunar og jarðfræðingar og forðafræðingar munu nýta niðurstöður dæluþrófana og forðafræðirannsóknna til þess að staðsetja niðurdælingarholur. Vöktun verður á upptöku, niðurdrætti og hitastigi borholuvatns í heitavatnsholum, og vinnsluskýrslum skilað til Orkustofnunar árlega. Sótt verður um öll tilskilin starfs- og rekstarleyfi til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Framkvæmdaaðila er umhugað um að upplýsa alla þá aðila sem koma að leyfismálum um framvindu og niðurstöður rannsókna og vöktunar þ.e. Orkustofnun, Umhverfisstofnun, Forsætisráðuneyti, byggingarfulltrúa Uppsveita, Náttúrufræðistofnun og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Framkvæmdaaðili þakkar boð Umhverfisstofnunar um frekari leiðbeiningar til þess að tryggja að ákvæði laga og regluverk sé uppfyllt og vill gjarnan fá að nýta sér þær leiðbeiningar í framvindu málsins.

Gestafjöldi, innviðir og þolmörk. Framkvæmdaaðili er ánægður með að Umhverfisstofnun hefur í viðbótarumsögn sinni leiðrétt gestatölur baðlóns og hótels í samræmi við framlögð gögn. Framkvæmdaaðili hefur ítrekað lýst vilja sínum til að taka þátt í og koma að skipulagningu, útfærslu og uppbyggingu innviða í Þjórsárdal og væntir þess að því samtali verði framhaldið á haustdögum.

Virðingarfyllst f.h. Rauðkamba ehf,

Silja Traustadóttir, arkitekt FAÍ